



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Skrifstofa Alþingis - nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 12. apríl 2023
2304007SA KB
Málalykill: 00.63

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um upplýsingamiðlun um heimilisofbeldismál, 126. mál.

Vísað er til tölvupósts frá nefndarsviði Alþingis, dags. 9. mars sl., þar sem óskað er eftir umsögn Sambands Íslenskra sveitarfélaga um tillögu til þingsályktunar um upplýsingamiðlun um heimilisofbeldismál, 126. mál.

Afstaða sambandsins

Líkt og fram kemur í greinargerð með þingsályktunartillögunni veigra þolendur heimilisofbeldis sér oft við því að tilkynna lögreglu um ofbeldi sem þau verða fyrir enda er gerandinn oft einstaklingur sem er nákominn þolanda. Í smærri sveitarfélögum þar sem íbúar þekkja flest hvert annað getur það ekki síður verið þungbært að tilkynna um heimilisofbeldi. Því má ætla að til að jafna stöðu íbúa allra sveitarfélaga landsins, óháð stærð, sé mikilvægt að tryggja að þau stjórnvöld sem starfa náið með íbúunum hafi víðtækar heimildir til þess að eiga frumkvæði að því að grípa inn í og eiga samstarf við önnur stjórnvöld um viðbrögð við fyrrnefndum ofbeldisbrotum.

Í stefnumörkun Sambandsins fyrir árin 2022-2026 er lögð áhersla á að íbúar sveitarfélaga eigi kost á samfelldri og heildstæðri þjónustu sem skipulögð er með þarfir þeirra í huga ásamt því að sveitarfélög verði samfélög án aðgreiningar og að jafnréttis- og mannréttindasjónamið séu fléttuð inn í alla stefnumótun og lagasetningu sem snýr að sveitarfélögum. Sambandið er því mjög fylgjandi því að endurskoða núverandi kerfi með það að markmiði að einfalda barnaverndaryfirvöldum, félagsmálayfirvöldum, heilbrigðisyfirvöldum og menntamálayfirvöldum að miðla upplýsingum sín á milli og til lögreglu. Sambandið styður við allar aðgerðir, bæði af hálfu ríkis og sveitarfélaga, sem fela í sér að mismunun sé eytt og að jafnræðis sé gætt.

Beðist er velvirðingar á því að umsögn þessi berist að liðnum fresti.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Karl Björnsson
framkvæmdastjóri